

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 17/2007 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því verður við komið við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðahverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld:	Íbúðarhús	kr. 17.500
-----------------	-----------	------------

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.

Sorpeyðingargjöld:	Íbúðarhúsnæði	kr. 18.500
	Sumarbústaðir	kr. 14.700
	Atvinnuhúsnæði	kr. 36.800

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gámavalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaði vegna gámavalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. magntölum frá verktaka sorphirðu. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekanda:

a. flokkur	kr. 27.600
b. flokkur	kr. 55.200
c. flokkur	kr. 82.800
d. flokkur	kr. 137.800
e. flokkur	kr. 183.400
f. flokkur	kr. 275.600
g. flokkur	kr. 368.400
h. flokkur	kr. 460.500
i. flokkur	kr. 552.700

#### 4. gr.

##### *Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 1. nóvember 2012 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 20. nóvember 2012. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorpflutninga og sorpeyðingu í Hrunamannahreppi nr. 1211/2011.

*Hrunamannahreppi, 26. nóvember 2012.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.